

Fréttatilkynning

23. mars 2016

Landssamtök íslenskra stúdenta afhentu á föstudag sína fyrstu stefnu um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags

- Fyrsta stefnan í málaflökknum kemur frá stúdentum.
- Markmið stúdenta að 40 prósent útskrifaðra hafi hlotið menntun sína að öllu eða einhverju leyti erlendis.
- Menntamálaráðherra sá sér ekki fært að koma og taka við stefnunni.

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) afhentu mennta- og menningarmálaráðuneyti og háskólum landsins stefnu sína í alþjóðavæðingu íslensks háskólakerfis síðastliðinn föstudag á Alþjóðadegi háskólanna. Dagurinn haldinn í samstarfi við Rannís.

Viðburðurinn var sögulegur enda var um að ræða fyrstu formlegu stefnu Landssamtaka íslenskra stúdenta í málefnum háskólakerfisins.

Með stefnu sinni kalla háskólanemar eftir nauðsynlegri stefnumótun frá stjórnvöldum og háskólastofnunum þegar kemur að alþjóðavæðingu. Þá kalla háskólanemar eftir því að safnað verði gögnum um bakgrunn þeirra erlendu nema og innflytjenda sem stunda nám í háskólum á Íslandi.

Með því að setja fram stefnu um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags vill LÍS:

Hvetja íslensk menntayfirvöld til að:

- móta stefnu um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags með markmiðum og leiðum til að ná þeim auk öflugrar gagnaöflunar og greiningar.. Stefnan verði unnin í nánú samráði við stúdenta.
- setja markmið um að árið 2020 hafi 40% útskrifaðra sótt háskólamenntun að einhverju eða öllu leyti erlendis.
- rýmka lög um dvalar- og atvinnuleysi til að tryggja að erlendir námsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að háskólamenntun á Íslandi óháð því hvaðan þeir koma og geti stundað hér vinnu í framhaldi af útskrift.
- fjarlægja hindranir og tryggja jafna möguleika fyrir alla íslenska námsmenn sem vilja fara skipti- eða starfsnám, eða taka fulla námsgráðu erlendis. Hlúa þarf sérstaklega að fjármögnun og aðgengi jaðarhópa.
- tryggja fjármögnun til háskóla til að stuðla að þróun alþjóðavæðingar og byggja upp öflugt stuðningsnet og aðgengi að íslenskukennslu fyrir erlenda kennara, námsmenn og fjölskyldur þeirra .

Alþjóðavæðing er drifkraftur frjáls flæðis þekkingar í heiminum. Hana má finna alls staðar í íslenska háskólakerfinu, sama hvort um ræðir; námsefni,

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students

Established 2013



haskolanemar.is

kennsluhætti, aðferðafræði, hugmyndir eða orðræðu. Alþjóðavæðing miðar að því að færa þekkingu, gagnrýna hugsun og skilning námsmanna á hærra stig, bæði hvað varðar hæfni þeirra sem fræðimanna og persónulega stöðu þeirra innan alþjóðasamfélagsins. Því einangraðra sem menntakerfi er frá umheiminum því verr standa námsmenn í tungumálum, menningarläsi, og skilningi á hugsunarhætti og hugmyndum fólks með ólíkan bakgrunn.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Nönnu Elísu Jakobsdóttur, formann LÍS, afhenda Ástu Magnúsdóttur, ráðuneytisstjóra í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, stefnu LÍS í alþjóðavæðingu.



Nánari upplýsingar veitir Nanna Elísa Jakobsdóttir, s: 659-1223,
nannaelisaj@gmail.com

Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 en með samtökunum voru háskólanemar í fyrsta sinn sameinaðir undir einum hatti. Samtökin hafa eflst mikið á síðastliðnu ári og eru þegar farin að leggja sitt að mörkum þegar kemur að nauðsynlegum úrbótum á menntakerfinu hér á landi.

Nánari upplýsingar um LÍS: www.haskolanemar.is